

## Almennar upplýsingar

Nafn	Kennitala
Lögheimili	Sveitarfélag
Pósthólf	Póstnúmer

## Starfsemi

Aðal starfsemi	Atvinnugreinarnúmer (sjá bakhlíð)
----------------	--------------------------------------

## Undanþága

<input type="checkbox"/> Sótt er um undanþágu frá skilaskyldu (sjá skýringar á bakhlíð)
Athugasemdir/skýringar

## Afskráning

<input type="checkbox"/> Óskað er eftir niðurfellingu af skrá	Hvenær var rekstri hætt? (Tilgreinið síðasta rekstrardag)
---	--

Dags.

Undirskrift

## Úr lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

### 3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra. Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á lögaðilum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

### 11. gr.

Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá um skilaskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Aðili skv. 3. gr. skal innan átta daga frá því að hann tekur til starfa tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína sem þá færir viðkomandi í skrána. Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan átta daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra sem tekur viðkomandi út af skránni. Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, endi hafi hann að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Árlega skulu þeir gefa skattfyrirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 2. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum um það.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera.

Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

**Ekki þarf að tilkynna hlutafélög  
til ríkisskattstjóra  
vegna staðgreiðslu af arði.**

## Leiðbeiningar

---

### Starfsemi

Tilgreina skal aðal atvinnustarfsemi og atvinnugreinarnúmer (Ísat 95). Þau númer sem helst koma til greina eru:

65.12.0	Bankar, sparisjóðir og pósthjónusta	66.02.1	Lífeyrstryggingar, sameignarsjóður
65.21.0	Eignarleiga	66.02.2	Lífeyrstryggingar, séreignarsjóður
65.22.2	Greiðslukortafyrirtæki	66.02.9	Aðrar lífeyrstryggingar
65.23.1	Verðbréfasjóðir	66.03.0	Skaðatryggingar
65.23.9	Önnur fjármálastarfsemi	70.31.0	Fasteignamiðlun
67.11.0	Kauphallarstarfsemi	74.11.0	Lögfræðihjónusta
67.12.0	Verðbréfamiðlun	74.12.0	Bókhald, endurskoðun, skattaráðgjöf
66.01.0	Líftryggingar	74.84.0	Sérhæfð innheimtustarfsemi

### Undanþága

Hægt er að sækja um undanþágu frá skráningu hafi umsækjandi ekki með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga, nema að óverulegu leyti.

### Afskráning

Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan átta daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra.

---